

REGLUGERÐ

**um (12.) breytingu á reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur
að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir
sem ekki eru ætlaðar til manneldis.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast fjórir nýir töluliðir, 26., 27., 28. og 29. tölul., svohljóðandi:

26. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1891 um breytingu á XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 62.

27. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1925 um breytingu á tilteknum viðaukum við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar kröfur um setningu tiltekinna skordýravara á markað og aðlögun afmörkunaraðferðar. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 83.

28. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1699 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar fyrirmynd að heilbrigðisvottorði vegna tilflutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum frá takmörkunarsvæðum sem komið var á fót til forvarna og varna gegn tilteknum skráðum sjúkdómum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 35.

29. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1929 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar skilyrði fyrir útflutningi á tilteknum lífrænum áburði og jarðvegsbætum sem innihalda efni í 2. flokki. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 199.

Reglugerðin skal gilda með þeim aðlögunum sem fram koma í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2022 og þeim takmörkunum sem leiða af I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 23. júní 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilia Madeleine Heenen.